



Borgarráð

Íþróttaaðstaða í Efra Breiðholti

Vísað hefur verið til Íþróttta-og tómsfundasviðs undirskriftalista foreldra hjá íþróttafélaginu Leikni varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar fyrir börn í Efra Breiðholti.

Síðustu mánuði hefur verið unnið með ÍTR, Leikni, ÍR, ÍBR og Þjónustumiðstöð Breiðholts að endurskipulagningu íþróttastarfs í Breiðholti m.a í íþróttahúsinu við Austurberg. ÍR hefur rekið íþróttahúsið við Austurberg undanfarin ár en er nú að fá nýtt glæsilegt íþróttahús til afnota í S-Mjódd fyrir alla sína starfsemi.

Nú liggur fyrir að Leiknir mun fá verulegan fjölda æfingatíma í Austurbergi fyrir sína starfsemi frá því sem verið hefur. Þannig hafði félagið ekki neina æfingatíma í Austurbergi veturinn 2021-2022 en nú er gert ráð fyrir að félagið fái 28 klukkustundir á viku fyrir 37 æfingatíma í Austurbergi fyrir sína starfsemi.

Þá er gert ráð fyrir að boðið verði upp á fleiri og fjölbreyttari íþróttagreinar en verið hefur. Þannig er nú gert ráð fyrir að boðið verði upp á knattspyrnu, körfuknattleik, handknattleik, bandy, blak, badminton, karate, futsal og frísbíggolf í Austurbergi og íþróttahúsi Fellaskóla, auk þess sem boðið verður upp á frjálsa tíma fyrir unglínga og tíma sem nefndir hafa verið "hlustum á hverfið" þar sem hægt verður að bjóða upp á opnar æfingar í ýmsum íþróttagreinum.

ÍTR mun annast rekstur íþróttahússins við Austurberg í samrekstri með Breiðholtslaug.

Omar Einarsson,

sviðsstjóri ÍTR.